

STJÓRNARTÍÐINDI B 17 – 1989

8. mars 1989

229

Nr. 98

REGLUGERÐ

um bann við dragnóta- og línuveiðum í Eyjafirði.

1. gr.

Frá og með 11. mars 1989 til og með 15. apríl 1989 eru allar veiðar með línu og dragnót bannaðar á Eyjafirði innan línu, sem dregin er milli eftirtalinnna punkta:

1. 66°04'0 N – 18°31'6 V
2. 66°03'0 N – 18°17'5 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. mars 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.